

Ed.

1100. Nefndarálit

[499. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, sbr. l. nr. 31/1982, um breyting á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur haft til umfjöllunar tvö frumvörp sem tengjast mjög innbyrðis, þ. e. frumvarp um breytingu á lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, svo og frumvarp um breytingu á lögum um stjórn efnahagsmála o. fl. Í seinna frumvarpinu var um að ræða breytingu á tveimur köflum, þ. e. köflum III og IV, sem fjalla um ríkisfjármál, fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir og lánsfjárlög. Auk þess hefur nefndin haft til athugunar frumvarp til laga um afnám laga nr. 13/1979, 216. mál Ed. Eftir ítarlega athugun og umfjöllun var það sameiginleg niðurstaða nefndarinnar að leggja til að III. og IV. kafli laga nr. 13/1979 verði felldir úr gildi en þau ákvæði í þessum köflum, sem snerta ríkisfjármál og fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir, verði tekin inn í lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Nái þessar breytingar fram að ganga verður framvegis að finna í einum og sömu lögnum öll þau ákvæði sem lúta að fjárlögum, fjárfestingar- og lánsfjáráætlunum og lánsfjárlögum.

Meginmarkmið frumvarpsins er að móta heillega mynd af umfangi ríkisfjármálanna þar sem lánsfjármál ríkissjóðs og annarra aðila fá fyllri og nánari umfjöllun en verið hefur, enn fremur að framvegis verði yfirlit yfir lánsfjáröflun og lánsfjárráðstöfun ríkissjóðs að finna á einum stað, þ. e. í 1. gr. fjárlaga. Þetta ætti að auðvelda öllum þeim, sem um ríkisfjármál fjalla, að hafa yfirsýn yfir þennan mikilvæga málaflokk. Nefndin telur að það auðveldi stjórn fjármála verði frumvarpið að lögum.

Í breytingartillögum þeim, sem nefndin flytur, eru engar efnislegar breytingar frá þeim frumvörpum sem fjármálaráðherra flutti heldur eru frumvörpin sameinuð þannig að öll lagaákvæði varðandi fjárlög sé framvegis að finna á einum stað.

Eins og áður sagði er gert ráð fyrir að III. og IV. kafli laga nr. 13/1979 verði felldir úr gildi en að þau ákvæði, sem þar er að finna og snerta ríkisfjármál, fjárfestingar- og lánsfjáráætlun og lánsfjárlög, verði sett í lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Í þessum köflum er enn fremur að finna tímabundin ákvæði um markmið í ríkisfjármálum en þær lagagreinar eru að sjálfsögðu ekki teknar inn í þetta frumvarp þar sem um tímabundin ákvæði var að ræða.

Hér á eftir verður fjallað um einstakar breytingartillögur og þess getið hvort viðkomandi grein sé tekin úr lögum nr. 13/1979, úr lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga eða hvort greinin sé úr frumvarpi um breytingu á lögum nr. 13/1979.

Nefndin gerir ekki tillögur um breytingu á 1. og 3. gr. frumvarpsins en þær kveða svo á að almannatryggingar og endurlánareikningur ríkissjóðs verði framvegis í A-hluta fjárlaga. Enn fremur að skil frá einkasölum ríkisins til ríkissjóðs skuli framvegis talin með sköttum.

Um 17. tl.

Gert er ráð fyrir að heiti XII. kafla laga nr. 52/1966 verði breytt þannig að framvegis heiti kaflinn, „Um efnisskipan fjárlaga, um lánsfjárlög og um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun“. Kafli þessi heitir núna „Um efnisskipun fjárlaga o. fl.“

Um 1. tl.

Hér er 6. gr. laga nr. 13/1979 tekin upp orðrétt og greinin fjallar um að frumvarp til fjárlaga skuli samið með tilliti til þjóðhagsáætlunar og tekju- og gjaldaáætlanir fjárlagafrumvarps séu byggðar á sömu meginforsendum og þjóðhagsáætlun hverju sinni.

Um 2. tl.

Hér er 62. gr. laga nr. 52/1966 gerð að 63. gr. og þarfnast því ekki skýringar.

Um 3. tl.

Þessi grein fjallar m. a. um lánahreyfingar ríkissjóðs og er hér kveðið mun fastar að orði um að allar lántökur og lánveitingar ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja og sjóða, svo og endurlána-reiknings ríkissjóðs, skuli sýndar í 1. gr. fjárlaga. Þessi grein var áður 4. gr. frumvarps um breytingu á lögum nr. 13/1979.

Um 4.—8. tl.

Greinar þær, sem fjallað er um í þessum tölulíðum, er að finna í lögum nr. 52/1966 en hér er einungis verið að breyta númeri greinanna. Ekki þykir ástæða til sérstakra skýringa.

Um 9. tl.

Þessi grein var áður 7. gr. l. nr. 13/1979 og er greinin hér tekin inn í frumvarpið óbreytt frá því sem hún hefur verið. Í greininni segir að með fjárlagafrumvarpi skuli leggja fram áætlun er lýsi í meginatriðum stefnunni í ríkisbúskapnum næstu þrjú árin eftir lok þess fjárlagaárs sem fjárlagafrumvarpið tekur til.

Um 10. tl.

Fjármálaráðherra leggur fyrir Alþingi frumvarp til fjárlaga. Lánsfjárlög hafa í sívaxandi mæli varðað ýmis atriði önnur í ríkisfjármálum en heimild til erlendra lántöku eins og gildi fyrir 1979. Lánsfjárlögin eru því orðin nauðsynleg forsenda þess að ákvæði fjárlaga standist, t. d. skerðing á framlögum til fjölmargra fjárfestingarlánasjóða og skil markaðra tekjustofna. Í lánsfjárlögum hefur auk þessa verið í auknum mæli veitt ríkisábyrgð á ýmsum skuldbindingum sveitarfélaga og ýmissa annarra aðila.

Með ákvæðum þessarar greinar er stefnt að því að Alþingi fjalli frekar um ábyrgðarveitingar ríkissjóðs en verið hefur. Þá er jafnframt að finna ákvæði í þessari grein sem takmarkar notkun ábyrgðarheimilda sem samþykktar hafa verið í sérlögum, þ. e. að notkun heimilda í sérlögum skuli vera innan þeirra marka sem um getur í fjárlögum og lánsfjárlögum á því fjárlagaári sem um er að ræða.

Þessi grein var áður 6. gr. frumvarps um breytingu á lögum nr. 13/1979.

Um 11. tl.

Hér er lagt til að það varði fjármálaráðherra sem leggi fjárfestingar- og lánsfjáráætlun og frumvarp til lánsfjárlaga fyrir Alþingi í stað ríkisstjórnar eins og kveðið er á um í núgildandi lögum. Þessi breyting er í samræmi við það verklag sem þróast hefur á undanförunum árum. Þá er lagt til að fjárfestingar- og lánsfjáráætlun verði hluti af greinargerð fjárlagafrumvarps hvers árs. Enn fremur er gert ráð fyrir að það verði fjárveitinganefnd sem fjalli um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun eins og aðra þætti ríkisfjármála.

Þessi grein var áður 4. gr. frumvarps um breytingu á lögum nr. 13/1979.

Um 12. tl.

Þessi grein tekur til þeirra atriða sem fjárfestingar- og lánsfjáráætlun á m. a. að ná yfir. Greinin gerir jafnframt ráð fyrir að hér sé ekki um endanlega upptalningu að ræða á þeim þáttum sem vera eigi í fjárfestingar- og lánsfjáráætlunum hverju sinni heldur megi bæta við tilteknum atriðum ef ástæða þykir til. Það nýmæli er m. a. að finna í þessari grein að sýna á yfirlit um skuldbindingu þjóðarbúsins út á við og áætlaðar greiðslur afborgana og vaxta af erlendum skuldum minnst þrjú ár fram í tímann.

Þessi grein var áður 5. gr. frumvarps um breytingu á lögum nr. 13/1979.

Um 13. tl.

Þessi grein var áður 17. gr. laga nr. 13/1979 með þeirri breytingu að gert er ráð fyrir að það verði fjármálaráðherra en ekki ríkisstjórnin sem ákveði nánar til hvaða verkswiðs einstakar greinargerðir í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun skuli ná.

Um 14. tl.

Þessi grein var áður 18. gr. laga nr. 13/1979 og þarfnast ekki skýringa.

Um 15. tl.

Þessi grein var áður 12. gr. laga nr. 13/1979 og þarfnast ekki skýringa.

Um 16. tl.

Þessi grein var áður 13. gr. laga nr. 13/1979 og þarfnast ekki skýringa.

Um 18. tl.

Hér er lagt til að III. og IV. kafla í lögum nr. 13/1979 falli úr gildi.

Þær greinar þessara tveggja kafla, sem fella á niður og ekki er að finna í þessu frumvarpi, eru eftirfarandi:

- a. 8. gr., sem fjallar um að endurskoða skuli fyrir árslok 1979 ákvæði sem kveða á um skyldu ríkissjóðs til fjárframlags til sjóða og einstakra verkefna með föstum reglubundnum hætti.
- b. 9. gr., sem fjallar um niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum á árunum 1979—1981.
- c. 10. gr., sem fjallar um lækkun ríkisútgjalda á árinu 1979.
- d. 11. gr., sem fjallar um umfang ríkisfjármála á árunum 1979 og 1980.
- e. 20. gr. Þessi grein fjallar um hver skyldi vera heildarfjármunamyndun þjóðarbúsins á árinu 1979.
- f. 21. gr. Þessi grein fjallar um að fyrir árslok 1979 skyldi komið á nýjum reglum um útlán allra fjárfestingarlánasjóða.

Um 19. tl.

Miðað er við að frumvarp þetta öðlist þegar gildi.

Þá yrði fjárlagafrumvarp fyrir árið 1986 með þeim viðauka og breytingum sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Alþingi, 3. júní 1985.

Ey. Kon. Jónsson,
form., frsm.

Eiður Guðnason,
fundaskr.

Ragnar Arnalds.

Valdimar Indriðason.

Egill Jónsson.

Jón Kristjánsson.

Kristín Ástgeirsdóttir.